

MENNINGARVERÐLAUN AKRANESKAUPSTAÐAR

Akraneskaupstaður veitir menningarverðlaun til einstaklinga, hópa eða fyrirtækja á Akranesi samkvæmt eftirfarandi reglum:

- 1.** Menningarverðlaun Akraneskaupstaðar eru veitt einu sinni á hverju ári.
- 2.** Menningarverðlaunum skal úthlutað á Vökudögum á Akranesi árlega.
- 3.** Menningarmálanefnd gerir tillögu um menningarverðlaun ár hvert til bæjarstjórnar og skal tillagan vera afgreidd um miðjan október frá nefndinni.
- 4.** Heimilt er að veita einstaklingi eða hópi verðlaunin.
- 5.** Einstaklingur eða hópur getur fengið verðlaunin oftar en einu sinni, en þó skulu aldrei líða færri en fimm ár á milli þess sem sami aðili fær verðlaunin.
- 6.** Verðlaunin skulu vera tákraen um það mikla menningarstarf sem viðkomandi hópur eða einstaklingur hefur innt af hendi.
- 7.** Heimilt er við sérstakar aðstæður að veita verðlaunun aðila sem ekki á lögheimili á Akranesi, enda tengist hann bæjarfélaginu með einhverjum hætti.

Pannig samþykkt í bæjarráði Akraneskaupstaðar þann 10. október 2013.

Samþykkt í bæjarstjórni Akraneskaupstaðar þann 29. október 2013.

Akranesi, 29. október 2013



Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri